



Reykjavík, 26. mars 2021
Fundargerð 226. fundar

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 26. mars var haldinn 226. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdarráð almannanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri. Sturla Jónsson, ytri endurskoðandi SHS, Hallur Símonarson, innri endurskoðandi SHS, og Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SHS, sátu fundinn undir liðum 1 til 3. Undir málefnum framkvæmdaráðs almannavarnanefndar, liðum 8 til 12, sátu fundinn Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.
Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2020, síðari umræða

Síðari umræða um samstæðuársreikning SHS fyrir árið 2020. Endurskoðandi SHS fór yfir endurskoðun ársreikningsins.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS 2020, dags. 26. mars 2021.
- Endurskoðunarskýrsla Grant Thornton vegna ársreiknings SHS 2020, dags. 26. mars 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Skýrsla endurskoðunarnefndar

Formaður endurskoðunarnefndar SHS kynnti umsögn sína um ársreikning SHS 2020.

Eftirfarandi lagt fram:

- Umsögn endurskoðunarnefndar SHS um ársreikning 2020, dags. 24. mars 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Afgreiðsla ársreiknings

Ársreikningur SHS fyrir árið 2020 borinn upp til samþykkis.

Afgreiðsla: Ársreikningur SHS samþykktur og verður sendur stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

Sturla, Hallur og Lárus yfirgefa fundinn.

4. Umhverfisskýrsla SHS 2019 - 2020

Umhverfisskýrsla SHS fyrir árin 2019 og 2020 lögð fram til kynningar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Umhverfisskýrsla SHS 2019 - 2020, dags. 26. mars 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ný björgunarmiðstöð

Áætluð vinna vegna nýrra höfuðstöðva fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu kynnt.

Eftirfarandi lagt fram:

- Undirbúningur áætlunargerðar vegna höfuðstöðva viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, dags. 15. mars 2021.
- Erindisbréf stýrihóps og samráðsnefnda vegna húsnæðismáls löggæslu og viðbragðsaðila – næsta stig verkefnisins, dags. 8. mars 2021.

Afgreiðsla: Kynning. Stjórn samþykkir að SHS verði áfram þátttakandi í viðræðunum. Einnig var slökkviliðsstjóra falið að hefja skoðun á nýrri staðsetningu á starfsstöð fyrir viðbragðshlutann í stað Skógarhlíðar.

6. Samningaviðræður vegna sjúkraflutninga

Farið yfir stöðu samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál SHS

Rætt um óleyfisbúðir og þá vinnu sem er í gangi á ýmsum stöðum vegna þeirra.

Afgreiðsla: Kynning.

Málefni framkvæmdanefndar AHS hefjast kl. 8:45. Þóra Kristín og Ásdís koma á fundinn.

8. Eldgos á Reykjanesskaga

Farið yfir stöðu mála vegna eldgossins í Geldingadölum.

Afgreiðsla: Kynning.

9. Staðan í COVID-19

Farið yfir stöðu mála vegna COVID-19.

Afgreiðsla: Kynning.

10. Endurgreiðslur á leikskólagjöldum

Rætt um endurgreiðslur vegna leikskólabarna sem foreldrar halda heima.

Afgreiðsla: Kynning.

11. Undanþágur og húsnæði sveitarfélaganna

Farið yfir óskir til heilbrigðisráðherra um undanþágur frá takmörkunum settum fram í reglugerðum vegna COVID-19 og hvernig þær snúa að sveitarfélögunum og húsnæði á þeirra vegum.

Afgreiðsla: Kynning. Verður unnið áfram á grundvelli AHS.

12. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:40.

**Fundir vegna SHS verða boðaðir eftir þörfum.
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 16. apríl.**

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á næstu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Ársreikningur SHS 2020, dags. 26. mars 2021.
- Endurskoðunarskýrsla Grant Thornton vegna ársreiknings SHS 2020, dags. 26. mars 2021.
- Umsögn endurskoðunarnefndar SHS um ársreikning 2020, dags. 24. mars 2021.
- Umhverfisskýrsla SHS 2019 - 2020, dags. 26. mars 2021.
- Undirbúningur áætlunargerðar vegna höfuðstöðva viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, dags. 15. mars 2021.
- Erindisbréf stýrihóps og samráðsnefnda vegna húsnæðismáls löggæslu og viðbragðsaðila – næsta stig verkefnisins, dags. 8. mars 2021.